



Við villuprófun kemur fram að arður samkvæmt hlutafjármiða er hærri en hann er á hlutabréfablaðinu RSK 3.19

Villur í framtalinu

Einfaldar villur í framtalinu þarf að leiðrétta áður en hægt er að senda það til Skattstans:

- Villa í fylgiskjalinu Hlutabréfaeign - kaup og sala

Samkvæmt innkomnum hlutafjármiðum var arður á árinu 2023 hærri en fram kemur í dálki 13 á hlutabréfablaðinu RSK 3.19. Sjá upplýsingar af hlutafjármiðum á Sundurliðunarblaðinu, sem bera þarf saman við upplýsingar í dálki 13 á eyðublaðinu RSK 3.19.

1 Hvernig leiðrétti ég villuna?

- Upphafssíða
- Framtal 202X
- 1.01 Forsíða
- 1.01 Tekjusiða Helga
- 1.01 Tekjusiða Svanhvít
- 1.01 Fjármagnstekjur
- 1.01 Eignir og skuldir
- Prentvæn útgáfa
- Sundurliðunarblað**
- Afrit af framtali 202X
- Fylgiskjöl Helgi
- Fylgiskjöl Svanhvít
- Sameiginleg fylgiskjöl
- Rekstrarblöð Helgi
- Rekstrarblöð Svanhvít
- Fyrir bændur
- Leiðbeiningar
- Vista/geyma framtalið
- Villuprófun

Upplýsingar um arðgreiðsluna er að finna á sundurliðunarblaði.

Upplýsingar um hlutabréfin þín kunna að vera á fleiri en einum stað á **sundurliðunarblaðinu** og því er mikilvægt að finna viðeigandi upplýsingar.

Hlutabréfa- og stofnfjáreign samkvæmt hlutafjár- og stofnfjármiðum

	Staðgr.	Arður	Hlutafé
Helgi Larsen			
410109-1239 H & L hf.	2.200	10.000	100.000
Svanhvít Sæmundsdóttir			
430185-0589 Fjörefnafóður hf.	11.000	50.000	200.000
	13.200	60.000	300.000

Upplýsingar á sundurliðunarblaði sýna að arður af hlutabréfum í Fjörefnafóðri nam 50.000 kr. á árinu og afdregin staðgreiðsla var 11.000 kr. Ekki er búið að færa arðgreiðsluna inn á hlutabréfablaðið og því kemur villan.

2 Hvað á ég að gera?

- Upphafssíða
- Framtal 202X
- Fylgiskjöl Helgi
- Fylgiskjöl Svanhvít
- Sameiginleg fylgiskjöl**
- 2.02 Greidd leiga
- 3.02 Eignakaup
- 3.02 sala eigna
- 3.03 Húsbyggingarskýrsla
- 3.15 Sala/innlausn verðbréfa
- 3.19 Hlutabréfaeign**
- 3.25 Leigutekjur
- Rekstrarblöð Helgi
- Rekstrarblöð Svanhvít
- Fyrir bændur
- Leiðbeiningar
- Vista/geyma framtalið
- Villuprófun

Þú þarft bara að færa inn upplýsingar um arðinn ef hann er ekki áritaður eða ef fjárhæðir eru rangar.

- Þú byrjar á því að opna hlutabréfablaðið.** Það er undir „Sameiginleg fylgiskjöl“ ef þú skilar framtali með maka, en annars undir „Fylgiskjöl“.
- Í næsta þrepi smellir þú á bláa hnappinn við hliðina á kennitölu félagsins.**

Almennar upplýsingar

1	2
Kennitala hlutafélags	Nafn hlutafélags
410109-1230	H & L hf.
430185-0589	Fjörefnafóður hf.
» Ný lína	
Samtals	

3 Hlutabréfablaðið fyrir og eftir skráningu arðgreiðslunnar

Hlutabréfablaðið **áður en búið er að gera grein fyrir arði og staðgreiðslu**

Almennar upplýsingar		Hlutabréfaeign í upphafi árs		Kaup		Breyting		Sala				Arður og staðgreiðsla		Hlutabréfaeign í árslok	
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16
Kennitala hlutafélags	Nafn hlutafélags	Nafnverð	Stofnverð (kaupverð)	Nafnverð keyptra hlutabréfa	Kaupverð	Breyting á nafnverði	Breyting á kaupverði	Söluverð	Nafnverð seldra hlutabréfa	Stofnverð seldra hlutabréfa	Söluhagn-aður/sölutap	Arður	Staðgreiðsla af arði	Nafnverð	Kaupverð (stofnverð)
410109-1230	H & L hf.	100.000	100.000									10.000	2.200	100.000	100.000
430185-0589	Fjörefnafóður hf.	200.000	600.000											200.000	600.000
» Ný lína		Samtals		300.000	700.000							10.000	2.200	300.000	700.000

Hlutabréfablaðið **eftir** að búið er að gera grein fyrir arði og staðgreiðslu

Almennar upplýsingar		Hlutabréfaeign í upphafi árs		Kaup		Breyting		Sala				Arður og staðgreiðsla		Hlutabréfaeign í árslok	
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16
Kennitala hlutafélags	Nafn hlutafélags	Nafnverð	Stofnverð (kaupverð)	Nafnverð keyptra hlutabréfa	Kaupverð	Breyting á nafnverði	Breyting á kaupverði	Söluverð	Nafnverð seldra hlutabréfa	Stofnverð seldra hlutabréfa	Söluhagn-aður/sölutap	Arður	Staðgreiðsla af arði	Nafnverð	Kaupverð (stofnverð)
410109-1230	H & L hf.	100.000	100.000									10.000	2.200	100.000	100.000
430185-0589	Fjörefnafóður hf.	200.000	600.000					50.000			11.000	50.000	11.000	200.000	600.000
» Ný lína		Samtals		300.000	700.000			60.000			13.200	60.000	13.200	300.000	700.000

Athugaðu að ekki er hægt að færa hærri fjárhæð en 22% af greiddum arði í reitinn afdregin staðgreiðsla.

Ef félagið eða vörsluaðili hélt eftir hærri fjárhæð en sem því nemur skalt þú klára framtalið og senda leiðréttingarbeiðni eftir að þú skilar framtalinu.

3. Þú færir upplýsingar um arðinn í síðasta þrepið „Arður af hlutafé og afdregin staðgreiðsla“.

Arður af hlutafé og afdregin staðgreiðsla

Kennitala félags 4301850589

Nafn félags Fjörefnafóður hf.

Arður og staðgreiðsla

Hafi framteljandi fengið greiddan arð af hlutabréfunum á árinu 2022 skal tilgreina hann hér ásamt afdreginni staðgreiðslu og dagsetningu arðgreiðslu. Hafi arður verið greiddur oftar en einu sinni er dagsetning síðustu greiðslu skráð.

Dagsetning arðgreiðslu 11.04.2023

Greiddur arður samtals 50.000

Afdregin staðgreiðsla 11.000

Ef ekki er um að ræða fenginn arð á árinu þarf ekki að fylla þennan kafla út.

Þrep 3 af 3

Áfram »

« Til baka

Hér sérðu á hvaða þrepi þú ert.

Þú færir inn upplýsingar um dagsetningu arðgreiðslu, fjárhæð hennar og afdregna staðgreiðslu.

4. Að lokum er smellt á hnappinn „Áfram“ til að komast aftur á hlutabréfablaðið sjálf.

Hér er flett á milli þrepa.